

ar gegn henni. Er vonandi að grein-  
arstúfur þessi verði til þess, að  
fljótlega verði eitthvað gert til þess  
að tryggja innsiglingu á Siglufirði,  
er oft getur verið hættuleg í þokum  
og myrkri. Annars er greinin svo  
skýrt skrifuð að við hana þarf ekki  
að bæta, en í sambandi við hana  
mætti beina þeirri fyrirspurn til hafn-  
arnefndar Siglufjarðar, hvort henni  
sýndist ekki ástæða til að sett yrði  
dufl á Hvanneyrarríðið. Að vísu er  
hættan þar ekki eins mikil og á  
Helluböðunum, en hæglega geta þó  
skip skemst á því að festa sig þar,  
og óvíst er þegar ókunnug skip  
koma til afgreiðslu við bryggjur út-  
með ströndinni, að þau vilji fara að  
þeim án hafnsögumans. Getur það  
orsakað tafir en hver stundin er  
dýr sem gufuskip þurfa að teffast  
að óþörfu.

H. J.

## Höfnin.

—o—

Engum sem kunnugur er stað-  
háttum hér á Siglufirði, dylst það,  
að framtíð hans sem blómlegs fiski-  
þorps og kaupsins — eins atvinnu-  
mesta pláss landsins — og innan  
fárra ára eins álitlegasta bæjar á  
landinu, ef rétt er áhaldið — stend-  
ur og fellur með höfninni.

Hitt vitum vér líka, að höfninni  
til bóta hefir ekkert — alls ekkert  
verið gjört, sem til framkvæmda hef-  
ir komið, fram til þessa dags, því  
eg tel ekki ljósmerkið á Selvíkur-  
nefi, sem, þó það sé betra en ekk-  
ert, gjörir ekki nægilegt gagn sem  
leiðarljós fyrir fjörðinn.

Satt er það, að úr litlu fé hefir  
verið að spila en þó hefði mátt  
gjöra meira en gjört hefir verið, en  
um það dugar víst eigi að fást, enda  
er nú það stórmál á döfinni hjá  
hafnarnefnd sem hlýtur að setja til  
síðu flest annað meðan það kemst  
í framkvæmd, enda einna brýnust  
þörfin í þá átt; eg á við Hafnar-  
bryggjumálið.

Þörfin fyrir hafnarbryggju eða  
bryggju til almennra nota er nú orð-  
in líklega 8 ára gömul og hefir altaf  
farið vaxandi með vexti kaupsins  
og fólksfjölgunar og þar af leið-  
andi aukinni atvinnu og viðskiftum,  
enda nú svo komið að framkvæmd  
þess máls er algerlega óhjákvæmi-  
leg. Málið er líka komið það á veg  
að hafnarnefnd hefir látið landsverk-  
fræðing Krabbe gjöra uppdrætti og  
áætlanir að bryggjunni, en eg hefi  
því miður heyrt, að Krabbe sjálfur  
telji þar ekki ábyggilegar, og er  
það leitt, því þrátt fyrir það þó  
Krabbi tæki ekki neitt fyrir sína  
vinnu, kostaði þó verk þetta um  
600 kr. og á svona undirstöðu er  
eigi hægt að byggja.

Það var afráðið þegar formaður

hafnarnefndarinnar, Guðm. læknir fór  
til útlanda í haust, að fela honum  
að ferðast til Noregs í veturnum eða  
vor og leita þar samninga við hafn-  
arverkfræðinga í Bergen sem hann  
hafði skrifast á við um málið —  
um að þeir sendu upp hæfan mann  
til að skoða og planleggja brygg-  
juna og gjöra ábyggilegar áætlan-  
ir. Svo langt er þó undirbúningur  
málsins kominn eins og nú standa  
sakir.

Það hefir verið talið sjálfsagt að  
bryggjan yrði byggð undan austur-  
enda flóðgarðsins fyrir utan Söbstað,  
gengi þar út og austur í fjörðinn,  
og tæki af sjógang og ísrek þeim  
bryggjum sem innar eru á eyrinni.  
Bryggjustæði hefir verið mælt þarna  
— líklega að ráðum Krabbes — og  
hreppsnefnd og hafnarnefnd svo  
samþykkt það þegjandi, og mótmæl-  
um aldrei verið hreyft af neinum,  
af þeirri einföldu ástæðu að málið  
hefir aldrei opinberlega verið rætt,  
því hitt er mér vel kunnugt að  
margir líta öðrum augum á málið  
en þeir sem um það hafa fjallað  
hingað til.

Vér sem kunnugir erum orðnir  
mætti íss og ægis hér á Siglufirði  
og eg tel okkur hafa betri þekkingu  
í þeim efnum en alla landsins verk-  
fræðinga — vitum það að bryggja  
þarna út frá þarf að vera mjög ram-  
gjörð eigi hún að standa óhöggud,  
og við höfum ekki efni á að fita  
okkur áfram með tilraunum, þó lands-  
sjóður hefði það með flóðgarðinn.  
Að bryggjan verði því afardýr þarna,  
um það eru víst allir sammála. En  
til þess að því fé sé eigi að meira  
eða minna leiti á glæ kastad, þarf  
notagylði að vera tilsvareandi.

Notagylði bryggjunnar þarf að  
vera:

1. Að fólks og vöruflutningaskip  
geti lagst og legið við hana og  
af- og ífermt sig í hvaða vedri  
sem er.
2. Að þar sé hægt að taka móti  
vörum út- og uppskipudum eins  
og þörf krefur, án þess vörnu-  
um sé hætta búin af sjógangi.
3. Að tilheyrandi bryggjunni og á-  
föst henni sé nægileg lóð til að  
byggja á vörugæmsluhús fyrir  
afgreiðslu skipa þeirra sem hingað  
að hafa fasta áætlun, og fyrir  
kolabyrgðir.
4. Að bryggjan liggi á svo hent-  
ugum stað og svo nærri mið-  
biki kaupsins að öllu öðru  
jöfnu, að flutningar frá og að  
henni séu sem hægastir og kosn-  
aðar minstir.

Eg geng viljandi framhjá síld-  
arsöltun á bryggjunni þótt eg viti  
að hún hafi verið ráðgerð, því mér  
virðist það aukaatriði óskýlt málinu.  
— Að sönnu gott að hafa fé upp  
úr fyrirtækinu á þann hátt, ef það  
rýrir ekki notagildi þess að öðru  
leiti, og síldarsöltunin má alls ekki  
vera aðal atriðið.

Þessum fjórum framanskraðum  
atr. getur bryggjan út frá eigi fullnægt.

1. Brimið í haust sýndi okkur það,  
að sjór getur orðið kraftmikill  
hér inni, og þó eigi væri um  
jafnmikinn sjógang að ræða og  
þá, mun þó mikið þurfa svo ó-  
hætt sé, a. m. k. er hætt við að  
uppfylling (leir og mól) skoli úr  
henni, því hún verður aldrei höfð  
svo að sjór ekki gangi yfir hana á  
þessum stað. Og hvernig fer upp-  
skipun fram í stormi, við þá  
bryggju sem sjór gengur á? Hún  
verður óframkvæmanleg og verður  
að stöðvast alveg, eins og nú  
bátuppskipun framan afhöfninni,  
og er þó þetta það atriði sem  
mest áhersla verður að legg-  
jast á. Bryggja þessi, þó svo  
ramgjörð væri, að hún stædist  
sjóról og ísrek, gæti heldur al-  
drei verið allar bryggjurnar fyr-  
ir innan sig. Fyrir sjóróti kynni  
hún að verja bryggjur þeirra  
Söbstads og Bakkevígs en ekki  
fleiri, og fyrir ís ekki einusinni þar.  
Þegar ís á annað kord er kominn  
inn á höfnina, þá ferðast hann  
ekki eftir neinum föstum regl-  
um, en tekur ótal útúrkróka og  
hringferðir og við vitum að lit-  
ill jaki nægir til að brjóta jafnvel  
fleiri bryggjur.

Eg tel líka því fé illa verið  
sem á þennan hátt geegi til að  
vernda hagsmuni örfárra einstak-  
linga á meðan aðrir sem jafna  
hlutdeild ættu hlunnindanna, eigi  
nytu þeirra að neinu.

2. Af því sem tekið er fram við 1.  
gr. sést það að vörur lægju und-  
ir skemdum af sjógangi á bryggju  
þarna.
3. Mér er sagt að allar lóðir við  
hið fyrrihugaða bryggjustæði  
séu nú þegar fyrirfram leigðar út  
einstökum mönnum, sem flestir  
munu hafa tekið þar í þeim til-  
gangi að græða á sölu þeirra  
þegar búin væri að byggja brygg-  
juna. Hvort það er satt veit eg  
ekki, en ef svo væri rýrir það  
mjög notagildi bryggjunnar.
4. Bryggjan liggur þarna alveg í  
útfæðri kaupsins og lán-  
gan veg frá öllu viðskiptalífi. Hlyti  
því allur flutningur að og frá  
henni að verða margfalt erfiðari  
og kosnaðar meiri en ella. Keyrsla  
er hér orðin dýr eins og annað  
og sem verra er, nær ófánleg  
með köflum, svo þetta mundi  
valda miklum erfiðleikum.

Nei, hafnarbryggjan á að bygg-  
jast sunnan á tanganum, þar sem  
nú stendur bryggja sú sem sam-  
versl. hafa leigt Edv. Jacobsen.

Það á að kaupa, eða ef það ekki  
fæst, þá að taka lögnámi, af hinni  
miklu lóð sem Hinar sam. isl. verzl.  
eiga, og sem er svo langt frá að  
þær hafi þörf fyrir til eigin afnota, að  
þær leigja út öðrum til síldarsölt-  
unar meginíð af henni. Látum verð-  
ið fyrir sölu eða lögnámi vera ríf-  
legt. Það vinnst upp beinlínis og  
mikið meira við það hve ódýrari  
bryggjan yrði þarna en út frá auk

óbeina hagsins, því sunnan á tan-  
anum nægir ágætlega, sterk timbur-  
bryggja sem varla kostar fleiri þús-  
undir, en steinbryggjan út frá kost-  
ar tugi þúsunda. Og gagnið þarna  
yrði margfalt. Bryggjan væri þarna  
í skjóli fyrir sjógangi af allri hafátt,  
svo upp og útskipun gæti framfar-  
ið hindrunarlaust hvað sem gengi  
á, og hún lagi þarna í miðju kaup-  
túninu með svo hægri aðstöðu fyr-  
ir alla sem æskilegt væri. Og pláss-  
ið er nægilegt. Eg geng út frá að  
tekið yrði allt svæðið úr beinni línu  
rétt neðan við bræðsluhúsin og þar  
suður til sjávar, neðan við lýsis-  
bryggjuna, og svo beint frá bræðslu-  
húsinu til sjávar, sunnan við  
Borðeyrabryggjuna, er það svæði  
allnóg fyrir 4 vörugæmsluhús og  
kolabyrgðir, jafnvel þó sam. verzl.  
væri ætlað pláss fyrir eitt hús til  
eigin afnota.

Handa skipum sam. verzl. sem  
nú standa í uppsátri á tanganum,  
væri hægt að fá pláss annarstaðar  
t. d. á hafnarbryggjustæðinu út frá,  
og fleiri staðir eru nothæfir til þess.

Fyrir sam. verzl. yrði þetta stór-  
gróði jafnvel þó um engar skada-  
bætur væri að ræða, því þær eiga  
lóð að þessu svæði á allar hliðar  
sem mundi margfaldast að nota-  
gylði og verðmæti við bryggju bygg-  
inguna. En þó svo væri, að réttur  
þeirra yrði að einhverju leiti rýrður  
með þessari ráðstöfun, þá má eigi  
í slíkt horfa, því hagur einstaklings-  
ins hlýtur ætíð að vikja fyrir þörf  
og heill fjöldans.

Ármóður.

ATHS.

Vér viljum leifa oss að taka það fram,  
að þótt vér að sumu leiti séum höf. sam-  
mála, þá getum vér eigi fallist á öll atriði  
hans. En þar sem þetta er fyrirtæki sem  
alla varðar og alls ekki sama hvar brygg-  
jan verður sett, er mjög áriðandi að heyra  
áit sem flestra áður en málinu er haldið  
lengra. Vér munum því með ánægju veita  
fleiri greinum um þetta efni rúm í blaðinu.  
Ríttstj.

### Skattanefnd

heitir ein heljarmikil nefnd. Á henni  
hvilir það vandaverk að áætla árs-  
tekjur manna. Nefnd þessi hefir ný-  
lega lagt fram skrá um árstekjur þær,  
fyrir árið 1915, er hún álitur að  
menn hafi haft. Af skrá þessari  
verður ekki séð að nefndin hafi  
haft við mikið að stiðjast og virðist  
þó ástæða til, að nefndin aflaði sér  
þeirra upplýsinga sem tók eru á.  
Í nefndinni sitja þessir 3 stórhöfð-  
ingjar:

Hafliði Guðmundsson, hreppstjóri,  
Bjarni Þorsteinsson, prestur,  
Jón Guðmundsson, verzlunarstjóri,  
og eru það alt menn, sem ættu að  
vera svo kunnugir hér, að áætlun  
þeirra gæti verið að minstakosti  
stórgallalaus, og verður mäske vikið  
að þessu síðar.

Hér fer á eftir áætlun nefndarinnar  
um árstekjur manna af atvinnu,  
árið 1915, og getur hver sem vill  
sagt hana réttláta: